

1124. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. febrúar 2015, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0 hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Ásta Rut Jónasdóttir Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestur fundar: Rósmarý Úlfarsdóttir starfsmaður VR

Dagskrá:

- Fundargerð 1123. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.**
Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1123. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.
Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.
- Reglugerðarbreytingar Sjúkrasjóðs VR**
Stefán og Rósmarý fóru yfir tillögur að breytingum á Reglugerð og Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR á glærum. Það hefur verið unnið að þessum tillögum frá síðasta hausti og þau sem helst hafa komið að þeirri vinnu eru Rannveig, Stefán, Árni og Rósmarý en einnig yfirfarið, rætt og samþykkt í framkvæmdastjórn sjóðsins. Reglugerðarbreytingarnar verður að taka fyrir til samþykktar á næsta aðalfundi.

Breytingartillögurnar eru eftirfarandi:

Reglugerð Sjúkrasjóðs VR:

Tillaga nr. 1

Gr. 2.1 Núverandi hljóðan:

2.1 Verkefni sjóðsins er að veita félagsmönnum VR fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum, svo og í elli- og örorkutilvikum.

Verði:

2.1 Verkefni sjóðsins er að veita félagsmönnum VR fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum.

Tillaga nr. 2

Gr. 2.2 Önnur málsgrein (ótölusett) tekin úr gr. 2.2 og myndi nýja gr. 2.5
Núverandi hljóðan:

2.2 Verkefni sjóðsins er ennfremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum, er snerta starfsöryggi og heilsufar.

Aðalfundi hverju sinni er heimilt að ákveða að hlutfall af iðgjaldi félagsmanna í sjúkrasjóð renni inn í VR varasjóð og greiðist út samkvæmt reglugerð um VR varasjóð.

Verði:

2.2 Verkefni sjóðsins er ennfremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum, er snerta starfsöryggi og heilsufar.

2.5 Aðalfundi hverju sinni er heimilt að ákveða að hlutfall af iðgjaldi félagsmanna í sjúkrasjóð renni inn í VR varasjóð og greiðist út samkvæmt reglugerð um VR varasjóð.

Tillaga nr. 3

Gr. 4.1 Núverandi hljóðan:

4.1 Tekjur sjóðsins eru skv. 7. gr. laga nr. 19, 1. maí 1979, samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.

Verði:

4.1 Tekjur sjóðsins eru samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins **skv. kjarasamningum VR á hverjum tíma sbr.** 7. gr. laga nr. 19, 1. maí 1979.

Tillaga nr. 4

Gr. 4.2 – komi alveg ný gr. 4.2 og bætist við nýjar greinar 4.3 og 4.4.

Núverandi hljóðan:

4.2 Aðrar tekjur skv. nánari reglum.

Verði:

4.2 Vaxtatekjur og annar arður.

4.3 Gjafir, framlög og styrkir.

4.4. Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins/sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.

Tillaga nr. 5

Gr. 5.2 Núverandi hljóðan:

5.2 Stjórn VR er heimilt að fela fimm mönnum framkvæmdastjórn, sem fer með daglega afgreiðslu sjóðsins. Stjórn VR tilnefnir formann framkvæmdastjórnar.

Verði:

5.2 Stjórn VR er heimilt að fela fimm mönnum framkvæmdastjórn, sem fer með **stjórn og eftirlit með** afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann .

Tillaga nr. 6

Gr. 5.6 - Það komi ný gr. 5.6 og núverandi gr. 5.6 fái númerið 5.7

Núverandi hljóðan:

5.6 Stjórn sjóðsins setur nánari starfsreglur um greiðslur bóta og aðra starfstilhögun.

Verði:

5.6 Ávallt skulu liggja fyrir upplýsingar um rétt félagsmanns til greiðslu úr sjóðnum.

5.7 Stjórn sjóðsins setur nánari starfsreglur um greiðslur bóta og aðra starfstilhögun.

Tillaga nr. 7

Gr. 6.1

Núverandi hljóðan:

6.1 Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af félagslegum skoðunarmönnum félagsins og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund félagsins til afgreiðslu.

Verði:

6.1 Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af **löggiltum endurskoðanda** og félagslegum skoðunarmönnum félagsins fyrir aðalfund félagsins til afgreiðslu.

Tillaga nr. 8

Gr.6 - Hér bætist við tveir nýir töluliðir þ.e. gr. 6.2 og 6.3:

Verði:

6.2 Endurskoðun ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.

6.3 Í ársreikningi eða skýringum með honum skal sundurliða sérstaklega kostnað vegna hvers og eins bótaflokks.

Tillaga nr. 9

Gr. 7.1

Núverandi hljóðan:

Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Verði:

Annað hvert ár skal **framkvæmdastjórn** sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Tillaga nr. 10

Gr.9 – Ótölusett fyrsta málsgrein fái númerið 9.1 og númer þeirra málsgreina sem á eftir fylgi breytist samkvæmt því auk tilvísana - Núvarandi hljóðan:

Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga einungis þeir sem verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, samanber þó gr. 9.3, 9.5, 10.2 og 10.3.

Verði:

9.1 Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga einungis þeir sem verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, samanber þó gr. 9.4, 9.6, 9.7 og 9.8.

9.2 Þeir sem greitt hafa

9.3 Hafi umsækjandi

9.4 a) Almenn skapast

9.5 Ef verulegar breytingar

9.6 Geymd réttindi

Tillaga nr. 11

Gr. 9.1- Núvarandi hljóðan:

9.1 Þeir sem greitt hafa iðgjald til VR fyrir einn mánuð skulu eiga rétt til greiðslna sjúkra- og slysdagpeninga en til þess að eiga rétt til annarra styrkja úr sjúkrasjóði, s.s. dánarbóta o.s.frv. þarf að hafa greitt iðgjald til VR samfellt í a.m.k. 6 mánuði fyrir dagsetningu umsóknar.

Verði:

9.2 Þeir sem greitt hafa iðgjald til **Sjúkrasjóðs** VR fyrir einn mánuð skulu eiga rétt til greiðslna sjúkra- og slysdagpeninga en til þess að eiga rétt til annarra styrkja úr sjúkrasjóði, s.s. dánarbóta o.s.frv. þarf að hafa greitt iðgjald til **Sjúkrasjóðs** VR samfellt í a.m.k. 6 mánuði fyrir dagsetningu umsóknar.

Tillaga nr. 12

Gr. 9.2- Núvarandi hljóðan:

9.2 Hafi umsækjandi átt rétt í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ, skal veita honum aðild að Sjúkrasjóði VR eftir að hafa greitt iðgjald til VR fyrir einn mánuð.

Verði:

9.3 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

Í samræmi við breytingartillögu nr. 10 uppfærist einnig númer greinarinnar úr 9.2 í **9.3** og núvarandi gr. 9.3 a) og b) liðir verða gr. **9.4 a)** og **b)** liðir.

Tillaga nr. 13

Gr. 9.3 a) - Núvarandi hljóðan:

a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum, eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. Hafi félagsmaður fengið heimild til að greiða iðgjöld til félagsins af atvinnuleysisbótum, þrátt fyrir að hafa ekki verið félagi í VR þegar hann missti vinnu, skulu réttindi vegna hans í Sjúkrasjóði VR þó skapast eftir að iðgjöld af atvinnuleysisbótum hafa verið greidd í samfellt 9 mánuði.

Verði:

9.4 Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði VR þeim atvinnuleitendum sem greitt hafa félagsgjald til VR í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir skráningu á atvinnuleysisskrá.

Tillaga nr. 14

Gr. 9.5 b) - Núvarandi hljóðan:

b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta.

Verði:

Þessi grein falli brott.

Tillaga nr. 15

Gr. 9.6 - Núvarandi hljóðan:

Heimilt er að veita takmarkaðan rétt til dánarbóta og styrkja skv. gr. 9.2 vegna þeirra sem láta af störfum eftir 67 ára aldur.

Verði:

Heimilt er að veita rétt til dánarbóta og styrkja vegna þeirra sem láta af störfum eftir 67 ára aldur.

Tillaga nr. 16

Gr. 10.1 a) Núverandi hljóðan:

10. gr. Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR

10.1 Bótaflokkar sjóðsins eru:

a) Sjúkra- og slysadagpeningar.

Sjúkrasjóðnum er heimilt að greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama veikindatímabil frá öðrum aðilum svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks eða samkvæmt annarri lögbundinni tryggingu, skal greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá VR.

(2. mgr.) Undanþegnir frá þessu eru þó umsækjendur sem verið hafa fullgildir félagar annars félags í ASÍ, sbr. gr. 9.2.

(3. mgr) Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður

vegna veikinda barna sjóðsfélaga í allt að 270 daga og vegna langvarandi veikinda maka í allt að 3 mánuði.

(4. mgr.) Uppfylli félagsmaður skilyrði til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkradagpeninga.

(5. mgr.) Almennt skal það vera skilyrði styrkja og sjúkradagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarræði.

..... Komi til slíkrar skerðingar er greiðsluþega heimilt að krefjast þess að það fari til stjórnar sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Verði: (ýmsar efnisbreytingar og viðbætur og auk þess verði gr. 10.1 a) að gr. 10 og gr. 10.1 b) verður gr. 11 og gr. 10.1 c) verður gr. 12 og númerabreytingar sem því fylgir á þær greinar sem eftir koma)

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

(1.mgr.) Sjúkrasjóðurinn skal greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði skal meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama slysa/veikindatímabil frá öðrum aðilum svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.

(2.mgr.) Undanþegnir frá þessu eru þó umsækjendur sem verið hafa fullgildir félagar annars félags í ASÍ, sbr. gr. 9.3.

(3.mgr) Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda barna sjóðsfélaga, yngri en 18 ára, í allt að 270 daga og vegna langvarandi veikinda maka í allt að 3 mánuði.

(4. mgr) **Eigi** félagsmaður **rétt** til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkra- eða slysadagpeninga. **Nemi endurhæfingarlífeyrir lægri fjárhæð en sjúkra eða slysadagpeningar er heimilt að greiða honum það sem uppá vantar í samræmi við sjúkradagpeningarétt hans.**

(5. mgr.) Almennt skal það vera skilyrði **greiðslu** sjúkra- og slysadagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. **Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili.** Komi til slíkrar skerðingar er **viðkomandi félagsmanni** heimilt að krefjast þess að **málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn** sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Hvert samfelld greiðslutímabil er 270 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Sá sem hefur fullnýtt þann rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

Tillaga nr. 17

Gr. 10.1 b) - Núvarandi hljóðan:

10.1 b) VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og skulu að lágmarki vera kr. 210.000 og úthlutað samkvæmt gildandi Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

Verði:

11. gr. Dánarbætur

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

Tillaga nr. 18

Gr. 10.1 c) verður að nýrri **gr. 9.9**

Gr. 10.1 c) - Núvarandi hljóðan:

10.1 c) Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna til annarra bótaflokka í formi, fæðingarorlofs, slysstrygginga og annarra heilsufarstrygginga.

Verði:

9.9 Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna til annarra bótaflokka í formi, fæðingarorlofs, slysstrygginga og annarra heilsufarstrygginga.

Tillaga nr. 19

Gr. 10.2 - Núvarandi hljóðan:

10.2 Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarna- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar.

Verði:

9.7 Framkvæmdastjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarna- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar.

Tillaga nr. 20

Gr. 10.3 - Núvarandi hljóðan:

10.3 Styrkir og fjárframlög til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn sjóðsins hverju sinni skv. 2. gr.

Verði:

9.8 Styrkir og fjárframlög til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn sjóðsins hverju sinni skv. 2. gr.

Tillaga nr. 21

Gr. 11 - Núvarandi hljóðan:

11. gr. Samskipti sjúkrasjóða

11.1 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags, innan ASÍ, öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

Verði:

Greinin sem slík **fellur brott** en textinn flyst í gr. 9 og myndar **gr. 9.3** sjá breytingartillögu nr. 9

Tillaga nr. 22

Gr. 12.1 Núverandi hljóðan:

12. Lausn frá greiðsluskyldu

12.1 Ef farsóttir geisa getur sjóðsstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðsstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð bóta, ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

Verði:

13. gr. Lausn frá greiðsluskyldu

Ef farsóttir, náttúruhamfarir eða önnur stór áföll geisa getur sjóðsstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur stjórn sjóðsins ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð bóta, ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin. **Sé nauðsynlegt að skerða bætur vegna fjárhags sjóðsins skulu sjúkra- og slysadagpeningar skerðast minnst og njóta forgangs umfram**

Tillaga nr. 23

Ný grein gr. 12:

12. gr. Slysabætur.

Sjúkrasjóður greiðir slysabætur sem hér segir:

- Bætur vegna varanlegrar örorku vegna slyss í frítíma:
Bætur vegna varanlegrar örorku 10% eða meira greiðast í hlutfalli við bótafjárhæð sem kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni þó þannig, að hvert örorkustig 26-50% virkar tvöfalt og hvert örorkustig 51-100% virkar fjórfalt.
- Bætur vegna slysa barna félagsmanna, yngri en 18 ára, þ.e. dánarbætur og örorkubætur vegna slyss eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

Slysabætur greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Auk þess greiðast ekki slysabætur ef slys eða óvinnufærni má rekja til ásetnings, ölvunar eða stórkostlegs gáleysis.

Bætur vegna tímabundinnar örorku falla undir sjúkra- og slysadagpeninga, skv. gr.10

Vegna þessa og að einnig er komin ný gr. 11, breytist númeraröð greina þannig:

Núverandi gr. 12 verður **gr. 13**

Núverandi gr. 13 verður **gr. 14**

Núverandi gr. 14 verður **gr. 15**

Núverandi gr. 15 verður **gr. 16**

Tillaga nr. 24

Gr. 13. Núverandi hljóðan:

13. gr. Fyrning bótaréttar

13.1 Réttur til bóta eða styrkja úr sjóðnum fynnist sem hér segir:

- a) Bætur skv. gr. 10.1 og 10.1 b) fynnast á 24 mánuðum.*
- b) Styrkir skv. gr. 10.2 fynnast á 12 mánuðum.*

Verði: (ath. er nú **14. gr.**)

14. gr. Fyrning bótaréttar

Réttur til bóta eða styrkja úr sjóðnum fynnist sem hér segir:

Dagpeningar, slysa- og dánarbætur fynnast á 24 mánuðum frá því að réttur til bóta myndast.

Aðrar greiðslur og styrkir fynnast á 12 mánuðum frá því að réttur til greiðslu skapaðist.

Tillaga nr. 25

Gr. 15 Núverandi hljóðan:

15. gr. Upplýsingaskylda

15.1 Stjórn sjóðsins ber að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra samkvæmt reglugerð sjóðsins með kynningu í VR blaðinu eða útgáfu bæklinga.

Verði: (ath. er nú **16. gr.**)

16. Gr. Upplýsingaskylda

16.1 Stjórn sjóðsins ber að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra samkvæmt reglugerð sjóðsins með kynningu **á vefsíðu félagsins.**

Tillaga nr. 26

Gr. 16 verði gr. 19

16. gr. Breytingar á reglugerðinni

16.1 Breytingar á reglugerðinni verða aðeins gerðar á aðalfundi VR.

Verði:

19. gr. Breytingar á reglugerðinni

Breytingar á reglugerðinni verða aðeins gerðar á aðalfundi VR.

Tillaga nr. 27

Ný grein sem fær nr. 17

Verði:

17. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrír mánuðir en við þriðja brot níu mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

Tillaga nr. 28

Ný 18. grein.

Verði:

18. gr. Úrskurðarnefnd VR

Heimilt er að kæra ágreining sem rís um túlkun reglna, grundvöll, skilyrði og fjárhæð dagpeninga, styrkja og annarra greiðslna úr sjóðnum til úrskurðarnefndar VR sem skipuð er af stjórn félagsins. Hlutverk úrskurðarnefndar VR er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga og reglna VR.

Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að viðkomandi félagsmanni eða aðila er tilkynnt um ákvörðun Sjúkrasjóðs VR og nánar eftir gildandi reglum um úrskurðarnefnd VR hverju sinni.

Starfsreglur Sjúkrasjóðs VR:

Tillaga nr. 1

Gr. 1.1 Núverandi hljóðan:

1.1 Stjórn VR felur framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR daglega umsjón og afgreiðslu fyrir Sjúkrasjóð VR, skv. 5. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðsins.

Verði:

1.1 Stjórn VR felur **5 manna** framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR **stjórn og eftirlit** afgreiðslu fyrir Sjúkrasjóð VR, skv. 5. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðsins.

Tillaga nr. 2

Gr. 1.2 Núverandi hljóðan:

1.2 Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR er heimilt að móta starfsreglur skv. 9. og 10. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðsins, eftir því sem reynsla og starfsemi sjóðsins gefur tilefni til.

Verði:

1.2 Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR **skal móta** starfsreglur skv. **gr. 5.7** reglugerðar Sjúkrasjóðsins, eftir því sem reynsla, starfsemi **og fjárhagur** sjóðsins gefur tilefni til. Starfsreglur sjóðsins skulu staðfestar af stjórn VR.

1.3 Framkvæmdastjórn skal fela skrifstofu VR almenna umsjón og daglega afgreiðslu mála.

Tillaga nr. 3

Gr. 2.1 Núverandi hljóðan:

2.1 Sjúkrasjóður VR greiðir sjúkradagpeninga, ef félagsmaður verður, sökum veikinda eða slysa, óvinnufær og launatekjur hafi fallið niður. Veikindaréttur hjá vinnuveitanda, samkvæmt kjarasamningi, þarf að vera fullnýttur. Einyrkjar í VR njóta sama réttar í veikindum og almennir launþegar og þurfa því einnig að klára veikindarétt hjá eigin rekstri áður en þeir fá greiðslur úr sjúkrasjóði VR. Heimilt er að tekjutengja sjúkradagpeninga við meðallaun.

Verði:

2.1 Sjúkrasjóður VR greiðir sjúkra – **eða slysadagpeninga**, ef félagsmaður verður, sökum veikinda eða slysa, óvinnufær og launatekjur hafi fallið niður. Veikindaréttur hjá **atvinnurekanda**, samkvæmt kjarasamningi, þarf að vera fullnýttur. **Þó er heimilt að greiða sjúkradagpeninga þeim sem fara í áfengis- eða vímuefnaeðferð, án þess að þeir hafi klárað veikindarétt hjá atvinnurekanda.** Einyrkjar í VR njóta sama réttar í veikindum og almennir **launamenn** og þurfa einnig að klára veikindarétt hjá eigin rekstri áður en þeir fá greiðslur úr sjúkrasjóði VR. Heimilt er að tekjutengja sjúkradagpeninga við meðallaun. **Ekki er heimilt að greiða sjúkradagpeninga samhliða námi sem hefst eftir að bótatímabil er hafið.**

Sjúkradagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Ef sjóðsfélagi vanrækir að kaupa lögbundna tryggingu greiðir sjúkrasjóður VR ekki slysadagpeninga sem annars hefðu verið greiddir af tryggingafélagi.

Tillaga nr. 4

Gr. 2.3 - Núverandi hljóðan:

2.3 Heimilt er að greiða sjúkradagpeninga vegna veikinda á meðgöngutíma, enda komi ekki dagpeningagreiðsla fyrir sama tímabil frá öðrum aðilum. Eigi félagsmaður rétt á framlengdu fæðingarorlofi hjá Tryggingastofnun ríkisins ber ekki að greiða sjúkradagpeninga úr

Verði:

Heimilt er að greiða sjúkradagpeninga vegna veikinda á meðgöngutíma, enda komi ekki dagpeningagreiðsla fyrir sama tímabil frá öðrum aðilum. Eigi félagsmaður rétt á framlengdu fæðingarorlofi hjá **Fæðingarorlofssjóði á hann ekki rétt á sjúkradagpeningum úr sjúkrasjóðnum á sama tíma.**

Tillaga nr. 5

Gr. 2.5 Núverandi hljóðan:

2.5 Heimilt er sjóðstjórn að greiða hluta dagpeninga, ef sjóðfélagi getur ekki vegna sjúkdóms eða slyss stundað fulla vinnu. Hver dagur sem greitt er fyrir hlutabætur reiknast þó sem heill dagur af þeim 270 sem félagsmaður á rétt til hverju sinni (sbr. gr. 2.2).

Verði:

2.5 **Framkvæmdastjórn** er heimilt að greiða hluta dagpeninga, ef sjóðfélagi getur ekki vegna sjúkdóms eða slyss stundað fulla vinnu. Hver dagur sem greitt er fyrir hlutabætur reiknast þó sem heill dagur af þeim 270 sem félagsmaður á rétt til hverju sinni (sbr. gr. 2.2).

Tillaga nr. 6**Gr. 2.6 Núverandi hljóðan:**

2.6 Greiðslur sjúkradagpeninga skulu miðast við meðallaun bótaþega, miðað við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR, síðustu 6 mánaða áður en launagreiðslur féllu niður.

Ef verulegar breytingar hafa orðið á launum viðkomandi síðustu 6 mánuði, er heimilt að meta tekjurnar sérstaklega og þá yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði.

.....

- *Meðallaun þeirra sem ekki hafa átt rétt hjá sjúkrasjóði annars stéttarfélags og ekki hafa greitt sem svarar lágmarksgjaldi til félags- og Sjúkrasjóðs VR, skal finna með því að deila í laun á viðmiðunartímabili með 6 mánuðum, þó svo að greitt hafi verið skemur en 6 mánuði.*

.....

Í þeim tilvikum sem önnur greiðsla vegna tímabundinnar örorku kemur svo sem greiðslur úr slysaftryggingu launafólks eða samkvæmt annarri lögbundinni tryggingu fyrir sama tímabil, skal greiða mismun bótafjáræðar samkvæmt þeim greiðslum og 80% launa í þeim tilvikum sem sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga.

.....

Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Komi til slíkrar skerðingar er greiðsluþega heimilt að krefjast þess að það fari til stjórnar sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Verði:

2.6 Greiðslur sjúkradagpeninga skulu miðast við meðallaun bótaþega, miðað við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR, síðustu 6 mánaða áður en launagreiðslur féllu niður **sbr. 10.1 gr í Reglugerð sjúkrasjóðs. Í Reglugerð kemur fram að ef verulegar breytingar hafa orðið á launum síðustu 6 mánuði, er heimilt að meta tekjurnar sérstaklega og þá yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. Er þar aðallega átt við þegar félagsmaður lækkar verulega í launum vegna veikinda sinna t.d. getur ekki unnið reglubundna yfirvinnu sem áður hefur verið hluti af launakjörum eða að vinnuhlutfall hefur lækkað vegna heilsubrests.**

.....

- *Meðallaun þeirra sem ekki hafa átt rétt hjá sjúkrasjóði annars stéttarfélags og ekki hafa greitt til félags- og Sjúkrasjóðs VR, skal finna með því að deila í laun á viðmiðunartímabili með 6 mánuðum, þó svo að greitt hafi verið skemur en 6 mánuði.*

.....

Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama slysa/veikindatímabil frá öðrum aðilum svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.

Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er greiðsluþega heimilt að kæra þá ákvörðun til framkvæmdastjórnar sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Tillaga nr. 7

Gr. 2.7 Núverandi hljóðan:

2.7 Sjúkradagpeningar greiðast til foreldra í allt að 270 daga vegna veikinda barna, yngri en 16 ára, enda missi félagsmaður launatekjur vegna þeirra. Greiða skal dagpeninga eftir að 7-10 daga veikindarétti lýkur. Veikindi þurfa ekki að hafa staðið í 12 daga eins og þarf með aðra dagpeninga.

Verði:

2.7 Sjúkradagpeningar greiðast til foreldra í allt að 270 daga vegna veikinda barna, yngri en 18 ára, enda missi félagsmaður launatekjur vegna þeirra. Greiða skal dagpeninga eftir að veikindarétti lýkur **skv. kjarasamningi**.

Tillaga nr. 8

Gr. 3.1 Núverandi hljóðan:

3.1 VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði. Dánarbætur vegna þeirra sem verið er að greiða fyrir til sjóðsins við dauðsfall eru (bætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðunum nr. 1, 2 eða 3. Til viðbótar með töluliðum nr. 2 og 3 geta komið bætur skv. tölulið nr. 4.):

- 1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig börn undir 21 árs aldri kr. 240.000.*
- 2. Ef hinn látni var ógiftur og lætur eftir sig börn undir 21 árs aldri greiðist til barna sameiginlega kr. 400.000.*
- 3. Ef hinn látni var giftur, greiðast bætur til maka kr. 400.000.*
- 4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn (kjör- eða fósturbarn) yngra en 21 árs greiðist vegna hvers barns kr. 800.000, þá til hvers barns eða eftir ákvörðun framkvæmdastjórnar hverju sinni til þess sem hefur barn á framfæri sínu. Greiða skal barninu sjálftu greiðsluna sé það lögráða og á eigin framfæri.*
- 5. Bætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum nr. 1., 2. eða 3.*
- 6. Að auki greiðist upphæð sem svarar til inneignar viðkomandi í VR varasjóði.*

Til viðbótar með töluliðum nr. 2 og 3 geta komið bætur skv. tölulið nr. 4.

Verði:

3.1 VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði. Dánarbætur vegna þeirra sem verið er að greiða fyrir til sjóðsins við dauðsfall eru:

1. Ef hinn látni var giftur, greiðast bætur til maka kr. 400.000. Ef hinn látni var ógiftur greiðist kr. 400.000 til þess aðila sem staðfest er að greiðir fyrir útför.
2. Ef hinn látni lætur eftir sig barn (kjör- eða fósturbarn) yngra en 18 ára greiðist vegna hvers barns kr. 800.000,- til þess sem hefur sannarlega barnið á sínu framfæri.
3. Að auki greiðist upphæð sem svarar til inneignar viðkomandi í VR varasjóði.

Tillaga nr. 9

Gr. 3.2 Núverandi hljóðan:

3.2 Heimilt er að greiða dánarbætur vegna þeirra sem látið hafa af störfum við 67 ára aldursmark eða síðar hafi þeir verið fullgildir í samfelld 5 ár áður en þeir láta af störfum:

Verði:

3.2 Heimilt er að greiða dánarbætur vegna þeirra sem látið hafa af störfum við 67 ára aldursmark eða síðar hafi þeir verið fullgildir félagsmenn í samfelld 5 ár áður en þeir láta af störfum:

Tillaga nr. 10

Gr. 3.3 Núverandi hljóðan:

3.3 Rétthafar dánarbóta:

1. Eftirlifandi maki.
2. Börn hins látna eða sá sem annast framfærslu barna að fullu.
3. Aðrir lögerfingjar sem bera kostnað af útför.

Verði:

3.3 Rétthafar dánarbóta:

1. Eftirlifandi maki.
2. Börn hins látna eða sá sem annast framfærslu barna að fullu.
3. Aðrir sem bera kostnað af útför.

Tillaga nr. 11

Gr. 4.1 Núverandi hljóðan:

4.1

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við bótafjárhæðina kr. 11.859.000, þó þannig, að hvert örorkustig 26-50% virkar tvöfalt og hvert örorkustig 51-100% virkar fjórfalt.

Verði:

Bætur vegna varanlegrar örorku **10% eða meira** greiðast í hlutfalli við bótafjárhæðina kr. 11.859.000, þó þannig, að hvert örorkustig 26-50% virkar tvöfalt og hvert örorkustig 51-100% virkar fjórfalt.

Tillaga nr. 12

Gr. 4.3 Núverandi hljóðan:

4.3

Fjárhæð slysabóta

<i>Dánarbætur</i>	<i>362.000 kr.</i>
<i>Örorkubætur vegna slyss, 100% örorka</i>	<i>3.610.980 kr.</i>
<i>Slysakostnaður allt að</i>	<i>362.000 kr.</i>
<i>Sjálfsábyrgð á hverju tjóni er</i>	<i>27.598 kr.</i>

Verði:

4.3

Fjárhæð slysabóta

Dánarbætur	362.000 kr.
Örorkubætur vegna slyss, 100% örorka	3.610.980 kr.

Tillaga nr. 13

Gr. 4.4 Núverandi hljóðan:

4.4 Slysabætur greiðast ekki ef bætur koma annarsstaðar frá vegna lögbundinna ábyrgðartrygginga, sbr. bílslys og önnur slys tengdum vélknúnum ökutækjum.

Verði:

4.4 Slysabætur **skv. grein þessari** greiðast ekki **vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. Ef sjóðsfélagi vanrækir að kaupa lögbundna tryggingu greiðir sjúkrasjóður VR ekki slysabætur sem annars hefðu verið greiddir af tryggingafélagi**

Tillaga nr. 14

Gr. 5.2 Núverandi hljóðan:

5.2 Heimilt er að greiða styrk vegna langvarandi veikinda maka eða barna sjóðfélaga, enda missi sjóðfélagi launatekjur vegna þeirra, allt eftir nánari ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar hverju sinni.

Verði:

5.2 Heimilt er að greiða styrk vegna langvarandi veikinda maka eða barna sjóðfélaga, enda missi sjóðfélagi launatekjur vegna þeirra, **skv. verklagsreglum.**

Verklagsregla:

Heimilt er að samþykkja sjúkradagpeninga vegna alvarlegra veikinda maka í 3 mánuði til viðbótar almennum rétti. Þessi heimild er nýtt í mjög alvarlegum veikindum sem studd eru ítarlegu vottorði læknis viðkomandi sjúklings. Heimilt er að samþykkja sjúkradagpeninga vegna alvarlegra veikinda barna félagsmanna sem eru eldri en 18 ára.

Tillaga nr. 15

Gr. 5.5 Núverandi hljóðan:

5.5 Sjúkrasjóður VR greiðir styrki vegna glasafrjógvagna/tæknifrjógvagna og ættleiðingar að hámarki 150. þús. kr. fyrir hvern félagsmann.

Verði:

5.5 Sjúkrasjóður VR greiðir styrki vegna glasafrjógvagna/tæknifrjógvagna og ættleiðingar að hámarki ~~150~~ 200 þús. kr. fyrir hvern félagsmann, eftir 6 mánaða samfellda greiðslu iðgjalda fyrir dagsetningu umsóknar.

Tillaga nr. 16

Gr. 6. Núverandi hljóðan:

6.gr. Velferðarverkefni VR

6.1 Velferðarverkefni VR er hluti af verkefnum Sjúkrasjóðs VR. Verkefnið er fólgið í:

A. Fjárhagsaðstoð, eins konar neyðarhjálp til handa þeim VR félögum sem ekki eiga rétt á styrkjum eða dagpeningum samkvæmt 2. og 5.gr.

Vegna þeirra sem ekki eiga rétt samkvæmt gildandi reglum (2. og 5. gr.) skal framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR úthluta stærri styrkjum á ársfjórðungslegum fundum sínum. Starfsmenn sjúkrasjóðs á skrifstofu VR geta þó afgreitt eftirfarandi til þeirra sem ekki eiga rétt samkvæmt gildandi reglum:

- a1. Ferðastyrkir foreldra veikra barna að hámarki kr. 150. þús.
- a2. Ferðastyrkir félagsmanns vegna maka eða náskylds ættingja að hámarki kr. 150. þús.
- a3. Styrkir vegna veikinda maka. Heimilt er að greiða styrk sem svarar sjúkradagpeningum að hámarki 3 mánuðir.
- a4. Styrkir vegna veikinda barns: Heimilt er að greiða styrk sem svarar sjúkradagpeningum að hámarki 3 mánuðir.

B. Fjárhagsaðstoð sem hluti af inngripi og endurhæfingu félagsmanna á sjúkradagpeningagreiðslum. Aðstoð sem hluti af inngripi og endurhæfingu félagsmanna á sjúkradagpeningagreiðslum:
Aðalmarkmið þessa verkefnis er þrískipt:

b1. Greining - inngrip

Greining fer fram með viðtölum á skrifstofu VR, með greiningarprófum og teymisvinnu í samvinnu við VIRK starfsendurhæfingu.

b2. Aðstoð - lausnir.

Aðstoð. Til úthlutunar hjá starfsmönnum sjúkrasjóðs á skrifstofu VR vegna greiningar og inngripa hjá veikum félagsmönnum VR á sjúkradagpeningum, koma styrkir að hámarki kr. 150.000.

b3. Ráðgjöf.

Ráðgjöf s.s. um vímuefnavanda eða samskiptavandamál á heimilum eða vinnustöum, skal veitt með fyrirlestrum og námskeiðum.

6.2 Allir styrkir sem þannig eru afgreiddir hjá starfsmönnum sjúkrasjóðs á skrifstofu VR skulu háðir samþykki sviðsstjóra og vera í samræmi við skráðar verklagsreglur.

6.3 Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR stýrir vali og árherslum verkefna og tekur ákvarðanir um stærri styrkveitingar. Styrkumsóknum sem eru yfir kr. 500 þús. skal vísað til Stjórnar VR. Einnig skal Stjórn VR taka ákvörðun um styrki til stofnana eða samtaka sem eru yfir kr. 100 þús.

6.4 Stjórn VR ákveður árlegt fjárframlag til styrkjahluta verkefnisins eftir aðalfund hverju sinni. Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR hefur eftirlit með úthlun starfsmanna sjúkrasjóðs.

Verði:

Lagt er til að gr. 6 falli niður með þeirri undantekningu að eftirfarandi atriði flytjist upp í gr. 5 og myndi nýjar greinar sem eru gr. 5.6, 5.7 og 5.8 þannig:

Gr. 5.6

Skrifstofa VR getur afgreitt eftirfarandi til þeirra sem ekki eiga rétt samkvæmt gildandi reglum:

- a1. Ferðastyrkir foreldra veikra barna yngri en 18 ára að hámarki kr. 150. þús.
- a2. Ferðastyrkir félagsmanns vegna maka eða náskylds ættingja að hámarki kr. 150. þús.
- a3. Styrkir vegna veikinda maka. Heimilt er að greiða styrk sem samsvarar heildarupphæð sjúkradagpeninga í 3 mánuði.

Gr. 5.7

Allir styrkir sem þannig eru afgreiddir hjá starfsmönnum sjúkrasjóðs á skrifstofu VR skulu háðir samþykki sviðsstjóra og vera í samræmi við skráðar verklagsreglur.

Gr. 5.8

Stjórn VR ákveður árlegt fjárframlag til styrkja komandi árs í lok hvers árs.
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR hefur eftirlit með styrkveitingum úr sjóðnum.

Númeraröð greina eftir það breytis þannig að gr. 7 verður gr. 6, gr. 8 verður gr.7

Tillaga nr. 17

Gr. 7.1 Núverandi hljóðan:

7.1 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags, öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því rétt hjá fyrra félaginu.

Verði:

6.1 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags innan ASÍ, öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því rétt hjá fyrra félaginu. Starfsmenn sjúkrasjóðs skulu eftir fremsta megni leiðbeina umsækjendum um sjúkradagpeninga um þau mögulegu réttindi er þeir kunna að eiga hjá öðrum aðilum, stofnunum og félögum.

Tillaga nr. 18

Gr. 8.3 Núverandi hljóðan:

8.3 Bætur úr Sjúkrasjóði VR greiðast mánaðarlega og skulu umsóknir berast á eyðublöðum sem liggja frammi á skrifstofu VR ásamt nauðsynlegum vottorðum fyrir 20. hvers mánaðar til að greiðsla geti borist 1. dag mánaðarins á eftir. Berist ekki fullnægjandi gögn eða upplýsingar skal ákvörðun um samþykki frestað þar til umbeðin gögn berast.

Verði:

7.3 Bætur úr Sjúkrasjóði VR greiðast mánaðarlega og skulu umsóknir berast á eyðublöðum sem liggja frammi á vef og skrifstofu VR ásamt nauðsynlegum vottorðum fyrir 20. hvers mánaðar til að greiðsla geti borist 1. dag mánaðarins á eftir. Berist ekki fullnægjandi gögn eða upplýsingar skal ákvörðun um samþykki, eða höfnun, frestað þar til umbeðin gögn berast.

Tillaga nr. 19

Gr. 8.6 Núverandi hljóðan:

8.3 Óheimilt er að skapa sér rétt til bóta með greiðslu iðgjalda aftur í tímann (sbr. 9.gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR).

Verði:

7.5 Réttur til bóta miðast við greiðslu iðgjalds. Óheimilt er að skapa sér rétt til bóta með greiðslu iðgjalda aftur í tímann (sbr. 9.gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR).

Tillaga nr. 20

Tillaga um vinnureglu í tengslum við gr. 8.5 (er nú nr. 7.5)

Gr. 8.5 Núverandi hljóðan:

8.5 Sjúkrasjóður VR greiðir ekki bætur eða styrki ef iðgjöld eru í vanskilum vegna félagsmanna, sé umsækjandi í nánnum tengslum við fyrirtækið.

Vinnuregla verði:

7.5 Séu iðgjöld atvinnurekanda umsækjandans í vanskilum í Sjúkrasjóð VR og umsækjandi er forsvarsmaður atvinnurekenda, maki, skyldmenni eða nákominn að öðru leyti, er Sjúkrasjóði heimilt að hafna umsókninni

Tillaga nr. 21

Ný grein: gr. 7.8 (Núverandi gr. 8.8 fái númerið 7.9)

Verði:

7.8 Upplýsingar sem skráðar eru í kerfi Sjúkrasjóðs VR eru persónugreinanlegar upplýsingar og heyra undir lög um persónuvernd. Farið er með allar upplýsingar í kerfinu sem trúnaðarmál. Með undirskrift umsóknar um bætur veitir félagsmaður félaginu rétt til þess að afla frekari gagna sem afgreiðsla umsóknarinnar getur byggt á, s.s. upplýsingar um tekjur og tekjuskatt o.f.l., og samþykkir að trúnaðarlæknar félagsins hafi aðgang að öllum læknisfræðilegum upplýsingum og geti kallað viðkomandi til viðtals.

Tillaga nr. 22

Gr. 8.9 Núverandi hljóðan:

8.9 Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum um hagi sína missir rétt til bóta. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um alla bótafjárhæðina auk dráttarvaxta. Ef um ítrekuð brot er að ræða missir viðkomandi bótarétt í 6 mánuði.

Verði:

7.9. Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessum starfsreglum skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrir en að tveimur mánuðum liðnum sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrír mánuðir en við þriðja brot níu mánuðir.

Áður en félagsmaður er sviptur bótarétti skal veita honum rétt til andmæla. Tilkynna skal félagsmanni með sannanlegum hætti ef hann er sviptur bótarétti.

Tillaga nr. 23**Ákvæði til bráðabirgða**

Hækkun á fjárhæð skv. gr. 5.5 tekur gildi frá og með 1. janúar 2016.

Umræður.

Bjarni Þór vék af fundi kl. 18:30

Í umræðum kom m.a. fram sú ábending hvort ekki mætti skoða með að reikna hvaða kostnaður myndi hljóta af því ef dánarbætur vegna slysa myndu hækka úr 362.000 kr. í 400.000 kr. til samræmis við aðar upphæðir dánarbóta.

Auk þess var ákveðið varðandi tillögu nr. 23 í Starfsreglum að láta hækkun fjárhæða taka gildi frá og með 1. janúar 2015.

Að loknum þessum umræðum vék Rósmarý af fundi kl. 19:00

3. Kröfugerð VR 2015

Ólafía Björk fór nú yfir á glærum atriði í kröfugerð VR vegna kjaraviðræðna. Fyrst skoðaður samanburður launabreytinga árið 2014 á milli ASÍ, BHM, BSRB og KÍ. Þá má sjá að viðmiðunarhópar hafi fengið 14,7% launahækkun en á sama tíma hækkaði launavísitala VR um 6,5% að teknu tilliti til 2,8% umsaminna hækkana. Launaleiðréttingin næmi því um 5,2% á ársgrundvelli. Útreiknaður kostnaðarauki fyrirtækja vegna slíkrar hækkunar væri um 6,7 milljarðar kr. eða um 5,35%.

Í stuttu máli eru kröfurnar því þessar:

- * **Meðalhækkun í árssamningi VR félaga er 24.000 kr.**
- * **Launaþróun sem tryggir hækkun uppá 50.000 kr. frá desember 2013**
- * **Lágmarkslaun verði 254.000 kr.**
- * **Kostnaður atvinnulífsins yrði 5,35%**

Hún sagði auk þess frá því að fundur hafi verið í stjórn Landsambandsins (LÍV) í dag og búið sé að kalla inn samningsumboð allra aðildarfélaga til stjórnar. Sú ofangreinda sviðsmynd sem kynnt var og samþykkt af stjórn VR á fundi með kjaranefnd félagsins síðasta mánudagskvöld var einnig samþykkt af stjórn LÍV.

Nú er Efling stéttarfélag búið að kynna sínar kröfur. Þar vantar útreikning á því hvað kröfurnar kosta og fór hún lauslega yfir kröfur þeirra.

Ljóst er að krafa okkar félagsmanna er um beinar launahækkanir og aukinn kaupmátt en ekki síst leiðréttingu og verður þetta því fyrst og fremst það sem mætti kalla leiðréttingarsamning af okkar hálfu. Og þá samningur til eins árs.

Fundur er á morgun í trúnaðarráði þar sem leitað verður eftir samþykki um að fara þessa leið og síðan er fundur með SA/FA á föstudaginn kl. 14.

Umræður.

4. Lagabreytingar

Ólafía Björk fór nú yfir á glærum áður kynntar lagabreytingatillögur og bar upp til samþykktar hverja um sig en áður samþykktu fundarmenn að fella brott eldri tillögu um að fléttulisti myndi ekki taka til varamanna í stjórnarkosningu þar sem laganeftnd hafði ákveðið að draga hana tilbaka.

Sem hér segir:

Breyting nr. 1

Núverandi hljóðan (3. gr. Félagsaðild):

“Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launþegar eða eru sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði.”

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem laun**amenn** eða eru sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði

Samþykkt.

Breyting nr. 2

Núverandi hljóðan (3. gr. Félagsaðild):

„Einnig geta þeir félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds en njóta ekki kjörgengis í félaginu. Eftirlaunaþegar sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna geta átt takmörkuð réttindi í félaginu samkvæmt nánari reglum einstakra sjóða.“

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Félagsmenn sem missa starf sitt á vinnumarkaði geta áfram verið félagsmenn, gegn greiðslu félagsgjalds af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sjóðurinn hefur milligöngu um að skila til VR. Hafi þeir ekki verið félagar í VR við upphaf atvinnuleysisbótageiðslna skulu þeir hafa greitt félagsgjald til VR að lágmarki í 36 mánuði á síðustu 5 árum fyrir umsókn atvinnuleysisbóta.

Félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna örorku geta verið áfram félagsmenn þó án þess að njóta kjörgengis í félaginu, gegn greiðslu félagsgjalds til VR hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélags. Skulu þeir hafa verið félagsmenn í VR óslitið í 5 ár áður en til örorku kom.

Eldri félagsmenn sem fá greiddan ellilífeyri og sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna, við 67 ára aldur, teljast áfram félagsmenn í VR. Þeir félagsmenn sem kjósa að hefja töku eftirlauna við 65 ára aldur geta viðhaldið réttindum með því að greiða félagsgjald af ellilífeyrisgreiðslum, hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélags, til 67 ára aldurs. Þeir skulu hafa verið í félaginu a.m.k. samfelldt í 5 ár fyrir töku eftirlauna.

Aðildarréttindi samkvæmt öllu ofangreindu eru háð nánari reglum einstakra sjóða VR.

Samþykkt.

Breyting nr. 3

Núverandi hljóðan (6. gr. Úrsögn):

“Fella skal burt af félagaskrá hvern þann félagsmann, er hverfur sem launþegi frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum eða tekur að stunda atvinnu, er fellur undir starfssvið annarra stéttarfélaga.”

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Fella skal burt af félagaskrá hvern þann félagsmann, er hverfur sem laun**amaður** frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum eða tekur að stunda atvinnu, er fellur undir starfssvið annarra stéttarfélaga

Samþykkt.

Breyting nr. 4

Núverandi hljóðan (9. gr. Félagsgjöld):

“Heimilt er með samþykki aðalfundar að ákveða að félagsgjald atvinnulausra og öryrkja renni í aðra sjóði félagsins til að tryggja réttindi þeirra úr sjóðunum.”

Verði:

Setningin falli á brott.

Samþykkt.

Breyting nr. 5

Núverandi hljóðan (11. gr. Hæfi stjórnarmanna):

„Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, rekstrarstjórnarmenn skv. 3. mgr. 26. gr. skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í hlutafélagi sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.“

Verði (breyting í **rauðu letri**):

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn **sjóða** skv. 3. mgr. 26. gr. skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í hlutafélagi sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju. **Sé ágreiningur um slíkt hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.**

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR.

Samþykkt.

Breyting nr. 6

Núverandi hljóðan (18. gr. Allsherjaratkvæðagreiðsla):

„Við allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna samkvæmt reglum ASÍ nema sérstakar aðstæður hamli.“

Verði (orðið “**póst**” fellur brott):

Við allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa almenna leynilega atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna samkvæmt reglum ASÍ nema sérstakar aðstæður hamli.

Samþykkt.

Breyting nr. 7

Núverandi hljóðan (25 gr. Félagsfundir)

“Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í dagblöðum og/eða í útvarpi með minnst tveggja daga fyrirvara.”

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í dagblöðum og **helstu netmiðlum** með minnst tveggja daga fyrirvara.

Samþykkt.

Breyting nr. 8

Núverandi hljóðan (26 gr Sjóðir)

“Stjórn VR er stjórn sjóðanna en heimilt er að skipa sérstaka rekstrarstjórn um hvern sjóð fyrir sig.”

Verði (orðið “**rekstrar**” fellur brott):

Stjórn VR er stjórn sjóðanna en heimilt er að skipa sérstaka stjórn um hvern sjóð fyrir sig.

Samþykkt.

Breyting nr. 9

Núverandi hljóðan (27 gr. Reikningar)

Stjórn félagsins leggur fram reikninga sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af honum og skoðunarmönnum félagsins. Skulu þeir liggja þannig frammi á skrifstofu félagsins félagsmönnum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

Verði (breytingar í **rauðu letri**):

Stjórn félagsins leggur fram reikninga sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af honum og skoðunarmönnum félagsins. Skulu þeir liggja þannig frammi á skrifstofu **og heimasíðu félagsins**, félagsmönnum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

Samþykkt.

5. Aðalfundur VR 25. mars 2015

Ólafía Björk sagði frá því að stungið væri uppá því að halda aðalfund VR 2015 þann 25. mars n.k. á Hilton hótél og væru þá öllum lagaskilyrðum um tímafrest eftir kosningar ofl. fullnægt.

Ræddi hún einnig um að launanefnd VR þurfi að hittast og stilla upp tillögu sem þau kynni á næsta stjórnarfund áður en aðalfundur er haldinn.

Umræður.

Fundi var slitið kl. 20:00
Árni Leósson, fundarritari